

1249. Stjórnarfundur VR

Haldinn fimmtudaginn 11. maí 2023, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Halla Gunnarsdóttir, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Ævar Þór Magnússon varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Tómas Gabríel Benjamin, þriðji varamaður stjórnar VR, sat fundinn undir dagskrárliðnum Hópuppsagnir á skrifstofu Eflingar 2022.

Mætt á fjarfund: Ólafur Reimar Gunnarsson og Fríða Thoroddsen.

Fjarverandi: Vala Ólöf Kristinsdóttir.

Gestir fundarins: Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins, og Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR.

Næsti fundur: 14. júní 2023

Dagskrá:

1. Fundargerðir 1247. og 1248. stjórnarfunda VR lagðar fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerðir 1247. og 1248. stjórnarfunda VR til samþykktar.

Fundargerðirnar voru samþykktar og undirritaðar af flestu fundarfólki, undirritun lýkur á næsta fundi.

Á meðan á fundi stóð undirrituðu nýir stjórnarmenn trúnaðareið.

2. Staða launafólks á Íslandi 2023

Fyrir fundinum lágu skjölin „Staða launafólks á Íslandi 2023“ og „Staða launafólks á Íslandi kynning Vörðu“ til kynningar.

Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu - rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins kom inn á fundinn kl. 17:30 og kynnti skýrslu um stöðu launafólks á Íslandi 2023.

Varða var stofnuð af ASÍ og BSRB 2020 með það að markmiði að efla og stunda fræðilegar rannsóknir og kennslu á sviði vinnumarkaðar, félags-og efnahagsmála, taka þátt í innlendu og alþjóðlegu samstarfi og skapa rannsóknaaðstöðu. Stjórn stofnunarinnar er skipuð forystufólki verkalýðhreyfingarinnar. Stærsta verkefni Vörðu er árleg rannsókn á stöðu launafólks á Íslandi.

Kristín Heba fór yfir helstu niðurstöður rannsóknarinnar á stöðu launafólks fyrir árið 2023. Þátttakendur voru um 14 þúsund og var spurt um fjárhagsstöðu, stöðu á húsnæðismarkaði, andlega og líkamlega heilsu, kulnun og réttindabrot.

Heildarniðurstöður sýna að einstæðir foreldrar standa verr en aðrir hópar þegar litið er til fjölskyldugerðar, bæði varðandi fjárhag, stöðu á húsnæðismarkaði og líðan.

Það fækkar í hópi þeirra sem hafa það gott á milli ára en fjölgar í hópi þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman. Fleiri meta fjárhagslega stöðu sína verri nú en fyrir ári síðan eða tæplega þriðjungur samanborið við fjórðung árið 2022.

63% svarenda búa í eigin húsnæði en 73% ef eingöngu er litið til VR félaga. Byrði húsnæðiskostnaðar er misjöfn eftir fjölskyldugerð, þyngst er hún hjá einstæðum foreldrum. Byrðin er umtalsvert meiri hjá leigjendum en þeim sem búa í eigin húsnæði, 53% leigjenda á almennum markaði segja að húsnæðiskostnaður sé þung byrði en 28% þeirra sem búa í eigin húsnæði. Byrði húsnæðiskostnaðar hér er huglægt mat, ekki hlutfall ráðstöfunartekna.

Fleiri meta andlega heilsu sína slæma í ár en árið 2022 eða 34% á móti 29%. Einstæðir foreldrar, einkum konur, meta heilsu sína umtalsvert verri en aðrir, 53% einstæðra mæðra segja andlega heilsu sína slæma en 30% kvenna í sambúð með börn. Konur meta í öllum tilfellum heilsu sína verri en karlar og inflytjendur meta andlega heilsu sína verr en innfæddir.

Allir mælikvarðar í könnuninni benda til þess að staða kvenna sé verri en karla en karlar verða hins vegar frekar fyrir réttindabrotum en konur. Slæm andleg heilsa eftir aldri er áhyggjuefni, einkum meðal ungra kvenna.

Fríða Thoroddsen mætir til fjarfundar kl. 18:00.

Umræður

Að umræðum loknum þakkaði Ragnar Þór Kristínu Hebu fyrir afar áhugavert erindi og yfirgaf hún fundinn um kl. 18:20.

Gerð var breyting á áður auglýstri dagskrá, liður nr. 3, Kjaramál – staðan varð liður nr. 5 og Kynning á kjaramálasviði, sem var nr. 4 í dagskránni varð liður nr. 3. Liður nr. 5, Vinnustaðaeftirlit hjá VR, féll undir umræður um kjaramálasvið og varð liður nr. 4.

3. - 4. Kynning á kjaramálasviði & Vinnustaðaeftirlit hjá VR

Fyrir fundinum lágu skjölin „Kjaramálasvið kynning fyrir stjórn VR“ og „Vinnustaðaeftirlit kynning fyrir stjórn VR“ til kynningar.

Bryndís Guðnadóttir, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, kom inn á fundinn um kl. 18:40 og kynnti starfsemi sviðsins.

Á kjaramálasviði starfa 14 sérfræðingar í Reykjavík, í Reykjanesbæ, á Selfossi, Akranesi og Egilsstöðum. Sviðið veitir félagsfólki alhliða ráðgjöf, aðstoðar við launaútreikning og innheimtu á vangoldnum launum, veitir aðstoð vegna gjaldþrota og ráðgjöf vegna samskipta á vinnustað, tekur þátt í undirbúningi kjarasamningsviðræðna og gerð kjarasamninga, annast samskipti við trúnaðarmenn og vinnustaðaeftirlit svo eitthvað sé nefnt.

Bryndís fór yfir ferli mála hjá sviðinu, frá því að félagsfólk hefur fyrst samband þar til lausn er fundin í máli viðkomandi, hvort sem lausn fæst með aðkomu sérfræðinga sviðsins eða dómstóla. Það sem af er ári hefur sviðið tekið á móti 666 einstaklingum á skrifstofu VR í Reykjavík, tölvupóstar eru að meðaltali um 30 á dag og símtöl um 50 á dag. Að auki berast fyrirspurnir í gegnum facebook síður félagsins og vefspjall á vr.is.

Bryndís benti á að mikil fjölgun hefur verið í fjölda mála félagsfólks með erlent ríkisfang en erlendu félagsfólki hefur fjölgað mikið síðustu ár. Langflest mála sem berast kjaramálasviði snúa að starfslokum og uppsögnum en mál sem varða launaseðla og launaútreikning eru einnig mörg.

Að meðaltali fara um 93 mál til lögmanns félagsins á ári hverju af u.þ.b. 1.500 málum sem stofnuð eru. Á árinu 2022 innheimtust 234 m.kr.

Bryndís fór að lokum yfir tilhögun vinnustaðaeftirlits VR en sviðið hefur nýlega tekið yfir þann málaflokk.

Umræður

Í umræðum var rætt um og samþykkt að taka vinnustaðaeftirlit upp til umræðu aftur á vettvangi stjórnar.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór Bryndísi fyrir áhugavert erindi og yfirgaf hún fundinn um kl. 20:15.

5. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór fjallaði stuttlega um niðurstöðu í kosningum Eflingar um úrsögn úr SGS og lýsti yfir áhyggjum af orðum Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra um félagafrelsi sem hann lét falla í kjölfar kosninganna. Það væri áhyggjuefni ef þessi niðurstaða ýti undir þá umræðu.

Ragnar Þór sagði að fundað hafi verið með Seðlabankastjóra fyrr í vikunni en lítið hafi komið útúr þeim fundi. Miðstjórn ASÍ hafi fundað þar sem aðalumræðuefnið hafi verið verðbólgan, stýrivextir Seðlabanka hafi lítil sem engin áhrif á þá útlánþenslu sem sjá má til fyrirtækja. Á fundinum var farið yfir hagtolur og greiningar hagdeildar ASÍ og mismunandi verðbólguþáttar.

Fundargerð framhaldsþings ASÍ, sem haldið var í apríl, var lögð fram á fundi miðstjórnar. Á fundinum var jafnframt góð umræða um stöðu kvenna innan hreyfingarinnar sem tekin verður áfram hjá VR en konur eru í miklum minnihluta í forystu sambandsins.

Hér var brugðið út af auglýstri dagskrá fundarins. Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR átti stórafmæli nýlega og afhenti Ragnar Þór honum blóm og gjöf frá stjórninni.

6. Þriggja mánaða uppgjör VR

Fyrir fundinum lágu skjölín „Uppgjör VR janúar til mars 202“ og „Lykiltölur janúar til mars 2023“ til kynningar.

Stefán Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri VR, kynnti þriggja mánaða uppgjör félagsins, janúar til mars, samkvæmt lykiltölum.

Félagsfólki hefur fjölgað um 3,7% miðað við sama tímabil í fyrra og var að meðaltali 38.698 á fyrstu þremur mánuðum ársins. Afgreiðslum á skrifstofu fjölgaði umtalsvert milli ára og má rekja það að stórum hluta til lokana vegna Covid 2022. Símtölum, tölvupóstum og heimsóknum á Mínan síður á vef VR fjölgaði einnig nokkuð.

Þá má sjá þriðjungs fjölgun í málum sem koma til kasta sérfræðinga kjaramálasviðs. Þeim fjölgar sem sækja um starfsmenntastyrk en fækkar sem sækja um styrk úr VR varasjóði. Þá fækkar atvinnuleitendum mikið frá fyrra ári eða um 42,6% og sagði Stefán að þeim hefði enn fækkað síðustu vikur.

Um 20% tekjuaukning er milli ára en fjórðungs aukning í gjöldum. Hvað varðar tekjur má rekja þá aukningu bæði til fjölgunar félagsfólks og kjarasamningsbundinna launahækkana. Þegar kemur að gjöldum munar mestu um aukningu úr Sjúkrasjóði VR, dagpeningagreiðslur eru 37% hærri en á sama tíma í fyrra. Hlutfall dagpeninga af iðgjöldum hækkar úr 76% í 85%.

Umræður

7. Bygging leiguíbúða að Silfratjörn 1

Fyrir fundinum lá skjalið „VR Blær leigufélag Silfratjörn 1 kynning“ til kynningar og samþykktar.

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir stöðuna. Þetta er fyrsta verkefni VR Blævar. Stefán rifjaði upp að árið 2018 hafi trúnaðarráð samþykkt að VR færi í þá vegferð að byggja leiguíbúðir og á hátíðarfundum stjórnar árið 2021, í tilefni af 130 ára afmæli félagsins, var samþykkt að kaupa lóð undir slíkar íbúðir. VR stofnaði svo dótturfélag, VR Blær.

Húsið er í hönnun en vegna breytinga sem þurfti að gera fór verkið í deiliskipulag. Um er að ræða 36 íbúðir í Úlfarsárdal. Heildarkostnaður er áætlaður um 1,9 ma.kr. Stuðst verður við reynsluna af Bjargi leigufélagi við rekstur. Áætlað er að VR leggi kr. 570 m.kr. til verksins en lán tekið fyrir því sem út af stendur. Stjórn hafði þegar samþykkt 414 m.kr. framlag VR í verkið.

Umræður

Ragnar Þór leggur fyrir stjórn tillögu að aukningu hlutafjár VR Blævar leigufélags slhf. í allt að 570 m.kr.

Samþykkt samhljóða.

Ragnar Þór leggur til að lengja fundinn til kl. 22:00.

Samþykkt.

Gerð var breyting á auglýstri dagskrá, liður nr. 9, Hópuppsagnir á skrifstofu Eflingar 2022 varð liður nr. 8, en liðurinn Starfsreglur stjórnar VR varð nr. 9 í stað nr. 8.

8. Hópuppsagnir á skrifstofu Eflingar 2022

Fyrir fundinum lá skjalið „Hópuppsögn hjá Eflingu í apríl 2022 minnisblað“ til kynningar. Í skjalinu er tillaga að ályktun stjórnar frá þriðja varamanni stjórnar VR sem lögð var fyrir til afgreiðslu.

Þegar hér var komið kom inn á fundinn Tómas Gabríel Benjamin, þriðji varamaður í stjórn VR, og mælti fyrir tillögu sinni að fordæma hópuppsagnir á skrifstofu Eflingar árið 2022. Gabríel Benjamin sagði málið allt hafa haft alvarlegar afleiðingar fyrir hreyfinguna og samfélagið allt. Mál þetta hafi snúist um of um persónur í stað þess að taka afstöðu til eðlis málsins sjálfs, þ.e. hópuppsagna á skrifstofu stéttarfélagssins Eflingar. Hann kvaðst skilja þá ákvörðun VR að fordæma ekki uppsagnirnar í ályktun sem stjórn sendi frá sér í apríl 2022 heldur harma þá ákvörðun, en teldi að tilganginum með því hafi ekki verið náð.

Hann sagði starfsfólk Eflingar þakklátt félaginu fyrir veitta aðstoð, en að kallað hafi verið eftir afstöðu stjórnar, að harma sé ekki það sama og að fordæma. Málinu sé enn ekki lokið og því ljúki ekki fyrr en stjórnin taki afstöðu með fordæmingu.

Gabríel lagði til að stjórn myndi senda frá sér ályktun og fordæma hópuppsögnina.

Gabriel las því næst tillögu að ályktun í heild sinni og er hún birt hér að neðan:

„Stjórn VR fordæmir hópuppsögn sem stjórn Eflingar framkvæmdi 12. apríl 2022. Í áratugi hafa stéttarfélög barist gegn hópuppsögnum, en með einni ákvörðun gengisfelldi stjórn Eflingar þá baráttu með því að ráðast sjálf í tilhæfislausar hópuppsagnir. Þegar hópuppsögnin var framkvæmd, fyrir einu ári síðan, ákvað stjórn VR að fordæma ekki uppsögnina, heldur leita leiða til sátta í von um að starfsfólkið endurheimti störf sín eða hlyti sem minnstan skaða af. Stjórn VR tók einnig þá ákvörðun að aðstoða alla þolendur hópuppsagnarinnar óháð félagsaðild með áfallahjálp og sérfræðipækkingu skrifstofu VR, enda hafði fólk verið sett í þá fordæmalausu stöðu að þurfa að fréttu af starfsmissi sínum í fjölmiðlum og vera í kjölfarið neitað um fund með atvinnurekanda sínum til að ræða uppsögnina. Félagsmenn Eflingar gátu ekki leitað til síns stéttarfélags, enda var það stéttarfélagið sem sagði þeim upp og því enginn þaðan sem gat aðstoðað þá. VR höfðaði jafnframt mál fyrir félagsdómi vegna uppsagnar trúnaðarmanns, sem var síðan úrskurðað ólöglegt og brot á kjarasamningi.

Samningaumleitanir við Eflingu vegna hópuppsagnarinnar og brota á kjarasamningi hafa engan árangur borið. Kjaramálasvið VR hefur ítrekað þurft að stöðva tilraunir til að hafa laun, veikinda- og orlofsrétt af fyrrum starfsfólki Eflingar. Við þetta verður ekki unað og stjórn VR sér sig knúna til að fordæma hópuppsögnina og þær aðferðir sem forysta Eflingar hefur beitt við rekstur skrifstofu sinnar“

Umræður

Ragnar Þór lengir fundinn til kl.22:30, fært til bókar.

Í umræðum leggur stjórnarmaðurinn Sigrún Guðmundsdóttir fram tillögu um að fresta frekari umræðu um málið þar til niðurstaða er komin varðandi bótagreiðslur en samningaumleitanir standa yfir.

Gabriel Benjamin vék af fundi kl. 22:20.

Ragnar Þór ber upp tillögu Sigrúnar um að fresta málinu þar til niðurstaða liggur fyrir.

Tillagan var felld með þorra atkvæða, einn greiddi atkvæði með.

Ragnar Þór leggur fyrir fundinn tillögu Gabriels Benjamins um að fordæma hópuppsagnir á skrifstofu Eflingar.

Tillagan var felld með tíu atkvæðum.

Fimm greiddu atkvæði með tillögunni og eru atkvæðin bókuð. Þetta eru eftirtaldir stjórnarmenn:

Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Halla Gunnarsdóttir
Jennifer Schröder
Sigríður Lovísa Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson

Ragnar Þór lengir fundinn til kl. 11:00, fært til bókar.

9. Starfsreglur stjórnar VR

Fyrir fundinum liggur skjalið „Starfsreglur stjórnar VR 2022-2023“ til afgreiðslu.

Skjalið lá fyrir milli funda og bárust ekki athugasemdir við það. Ragnar Þór ber starfsreglur stjórnar upp til samþykktar.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Starfsreglur stjórnar eru birtar hér að neðan í heild sinni:

Starfsreglur stjórnar VR

Markmið og tilgangur

Tilgangur og markmið starfsreglna þessara er að tryggja að starfshættir stjórnar VR séu í samræmi við almenna góða stjórnarhætti.

Almennt

Stjórn VR skal vinna sem ein heild og er sem slík ábyrg í störfum sínum gagnvart félagsmönnum, starfsmönnum og öðrum hagsmunaaðilum félagsins.

Stjórnarmaður hefur ekki sjálfstætt umboð til að framkvæma, gefa fyrirmæli eða tjá sig opinberlega í nafni stjórnar VR. Stjórn VR getur falið einstökum stjórnarmönnum, starfsmönnum eða fulltrúum sínum í nefndum sérstakt umboð og vald til ákvarðana. Slíkt framsal takmarkar þó ekki endanlega ábyrgð stjórnarinnar.

Fundargerðir stjórnar VR eru aðgengilegar félagsmönnum á vef félagsins.

Fundir stjórnar

Stjórn skal á fundum fjalla um allar ákvarðanir varðandi stefnumótun félagsins. Á vinnufundum stjórnar eru tekin fyrir málefni sem þarfnast sérstakrar athygli og/eða stefnumörkunnar.

Fundir stjórnar skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð félagsins nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni eða stjórn. Heimilt er að halda fundi stjórnar í gegnum fjarfundabúnað. Eins geta fundir verið blandaðir þannig að hluti fundarmanna sé á staðfundi og hluti á fjarfundi. Sú almenna regla gildir að umræður og afgreiðsla mála fer fram á löglega boðuðum fundi. Í undantekningartilvikum er hægt að afgreiða mál með tölvupósti og leitar þá formaður samþykki varaformanns og ritara fyrir slíkri afgreiðslu. Niðurstöður úr slíkum afgreiðslum skulu færðar til bókar á næsta formlega stjórnarfundi.

Boðun funda

Formaður boðar til stjórnarfundar með viku fyrirvara. Heimilt skal þó ef ríkar ástæður eru fyrir hendi að boða stjórnarfund með skemmri fyrirvara. Ef formleg beiðni berst um boðun stjórnarfundar, undirrituð með eigin hendi eða með tölvupósti af fjórum stjórnarmönnum eða fleiri, ber þá að halda þann fund innan 10 daga.

Fundaráætlun starfsárs er jafnframt fundarboðun en nánari fundarboðun einstakra funda þar sem fram kemur fyrirhuguð dagskrá fundar skal send út 5 dögum fyrir boðaðan fund sé þess kostur. Málgögn einstakra liða skulu að jafnaði sett á vef stjórnar eða send 5 dögum fyrir fund verði því við komið. Boðun á stjórnarfund fer fram með tölvupósti nema stjórn sjálf hafi ákveðið annað. Skulu stjórnarmenn undantekningarlaust staðfesta komu sína eða boða forföll séu þau fyrirsjáanleg svo boða megi varamann í þeirra stað. Hafi stjórnarmaður afboðað sig 24 tímum fyrir boðaðan stjórnarfund skal varamaður boðaður í hans stað og fellur seturéttur aðalmanns niður við staðfesta komu varamanns. Fyrsti varamaður er boðaður á alla stjórnarfundum og hefur hann málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt ef full mæting aðalmanna er á stjórnarfundinum.

Stjórnarmenn skulu snúa sér til formanns, 6 dögum fyrir boðaðan stjórnarfund, með óskir um að mál verði tekin á dagskrá stjórnarfundar.

Mál sem tekin eru upp á stjórnarfundum undir liðnum önnur mál og ekki hafa verið kynnt í fundarboði, skulu að jafnaði ekki afgreidd fyrir en á næsta fundi stjórnar.

Fundargerðir, fundarritun og fylgigögn

Halda skal fundargerðarbók um það sem fjallað er um á fundum stjórnar og bóka allar samþykktir og ákvarðanir stjórnarinnar. Bókanir skulu lagðar fram skriflega en formanni er heimilt að veita undanþágu frá því við sérstakar aðstæður. Starfsmaður félagsins skal annast ritun fundargerða stjórnarfundar.

Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:

1. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn, númer fundar og hvort fundurinn er stað- eða fjarfundur eða bæði stað- og fjarfundur.
2. Hverjir sitja fundinn, hverjir eru fjarverandi, tilgreindir eigin nafni, hver stýrir honum og hver ritar fundargerð. Greina frá hvaða fundarmenn eru á staðfundi og hverjir á fjarfundi. Hvað gestir eru á fundinum, hvenær þeir koma inn á fundinn og hvenær þeir fara út af fundinum.
3. Dagskráratíði, stutta lýsingu á dagskrárlíðum og gögnum fundarins.
4. Ákvarðanir sem teknar eru og atkvæðagreiðslur, ef til þeirra kemur.
5. Sérstakar bókanir stjórnarmanna.
6. Upphaf og lok fundartíma.
7. Hvenær næsti stjórnarfundur verður haldinn.
8. Ef stjórnarmaður vísar af fundi vegna vanhæfis.

Fundargerðir skulu að öllu jöfnu settar inn á stjórnarvef, þar sem allir stjórnarmenn hafa aðgang að, 48 tímum frá því að fundi lauk. Tillit skal tekið til minniháttar breytinga og athugasemda sem berast sem ekki breyta eðli, innihaldi og niðurstöðu fundargerðarinnar og er til samþykktar á næsta reglulega stjórnarfundi. Mæting stjórnarmanna skal birt á vefsíðu félagsins.

Fundargerðir eru lagðar fram til staðfestingar í upphafi næsta stjórnarfundar og skal frumrit fundargerðarinnar áritað af öllum stjórnarmönnum, sem sitja þann fund er samþykkir fundargerðina. Náist ekki sátt um meiriháttar athugasemd við fundargerð skal greidd um hana atkvæði á þeim fundi er hefur fundargerðina til umfjöllunar og samþykktar. Skulu þeir einir sem sátu fund þann er fundargerðin fjallar um eiga atkvæðisrétt.

Almennt skulu mál og gögn þeim tengd sem eru til meðferðar og úrlausnar hjá stjórn meðhöndlust sem trúnaðarmál þar til þau eru afgreidd með ákvörðun stjórnar. Í þeim tilvikum að um sérstaklega viðkvæm mál er að ræða, eða mál tengd miklum hagsmunum einstaklinga eða félaga og félagasamtaka, sem telja ber að séu ekki á vitund nema mjög fárra manna, getur formaður eða málshefjandi ákveðið að slík mál séu meðhöndluð sem „algjört trúnaðarmál“ á stjórnarfundi. Mál sem tiltekið er sem „algjört trúnaðarmál“ skal ekki rætt við aðra en stjórnarmenn og málsaðila. Þau gögn sem lögð eru fram í málum sem skilgreind eru sem „algjört trúnaðarmál“ taka stjórnarmenn hvorki með sér af stjórnarfundum eða úr húsakynnum félagsins. Aukinn meirihluti stjórnar getur ætíð ákveðið að mál sem merkt eru með þessum hætti skuli engu að síður sæta almennri málsmeðferð. Umfjöllun og niðurstaða stjórnar í málum sem merkt eru „sérstakt trúnaðarmál“ skal rituð í sérstaka trúnaðarbók eða felld út úr fundargerðum sem birtar eru á vef félagsins.

Upplýsingagjöf til stjórnar

Upplýsingagjöf til stjórnar fer fram á stjórnarfundum. Stjórnarmenn hafa aðgang að öllum gögnum um félagið sem nauðsynleg eru til að þeir geti sinnt stjórnunar- og eftirlitsskyldu sinni á starfstíma sínum. Gögn í samræmi við boðaða dagskrá skulu vera aðgengileg á vef stjórnar eða berast stjórnarmönnum með fundarboði. Óski stjórnarmaður eftir tilteknum gögnum, t.d. um rekstur og starfsemi félagsins, skulu þau afhent öllum stjórnarmönnum á stjórnarfundi. Óskir um gögn skulu send á formann, með tölvupósti, að minnsta kosti 7 dögum fyrir næsta stjórnarfund ef ætlunin er að fá þau afhent á næsta stjórnarfundi.

Réttindi og skyldur stjórnarmanna VR

- Kynna sér lög og samþykktir félagsins og þeirra samtaka sem félagið er aðili að.
- Vera almennt vel að sér um starfsemi félagsins og þá strauma og stefnur í samfélaginu sem áhrif geta haft á starfsemi þess.
- Að gæta þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum, reglum og eðli máls.

- Halda trúnað um þau gögn sem stjórn VR hefur sérstaklega ákveðið að trúnaður ríki um.
- Sækja stjórnarfundum. Sitja í ráðum og nefndum á vegum stjórnarinnar og leggja til þeirra starfa þá persónulegu og faglegu þekkingu sem nýst getur félaginu.
- Setja fram álit sitt og skoðanir um þau viðfangsefni sem eru til umfjöllunar og ákvörðunnar innan stjórnar hverju sinni.
- Setja fram andmæli sín og andstöðu við samþykktir stjórnar með skýrum og greinargóðum hætti þegar þær eru til umfjöllunar og ákvörðunnar.
- Hlíta samþykktum ákvörðunum stjórnar enda hafi þær verið teknar á lýðræðislegan hátt á löglegum fundum stjórnarinnar.
- Vinna með starfsmönnum félagsins í nefndum og starfshópum.
- Á stjórnarmann er lögð sú skylda að honum ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans og félagasamtök eða félög þar sem hann situr í stjórn. Stjórnarmanni er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slík mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður á ekki að taka þátt í meðferð slíks máls að neinu leyti og á þar af leiðandi ekki að fá aðgang að gögnum eða vera viðstaddur umræður og ákvarðanatöku á stjórnarfundum. Stjórn tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna ef vafamál kemur upp. Stjórnarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.¹

Fundarseta annarra en stjórnarmanna

Formanni er heimilt að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundum til að kynna ákveðin mál er varða starfsemi félagsins eða aðila tengdum starfsemi þess. Seta slíkra aðila skal afmörkuð við þau tilteknu mál. Stjórn getur samþykkt að hafna setu annarra en stjórnarmanna á stjórnarfundum.

Ráð og nefndir

Formaður og/eða stjórn VR skipar fulltrúa til setu í ráðum og nefndum og tekur skipan og/eða endurnýjað umboð gildi að öllu jöfnu um miðjan apríl. Fulltrúa VR sem boðin er þátttaka í ráðum og nefndum sem fulltrúa VR, ber að sækja um rétt til setu þar til formanns VR. Fulltrúi VR kemur fram í nafni og í umboði félagsins og skal gæta þess að öll framsaga og vinna sé í samræmi við ályktanir og stefnumörkun þess. Skipan fulltrúa skal jafnan fylgja skipunarbréf sem kveður á um skipunartíma og upplýsingaskyldu fulltrúa við félagið um störf sín.

¹ Sjá viðmiðunarreglur um réttindi og skyldur stjórnarmanna í aðildarsamtökum ASÍ sjá, <https://www.asi.is/umasi/skipulag/log-asi-reglugerdir-og-reglur/reglugerdir-og-reglur/vidmidunarreglur-um-rettindi-og-skyldur-stjornarmanna-iadildarsamtokum-asi/>



Verkaskipting

Formaður

Formaður er málsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins nema stjórnin ákveði annað. Formaður er jafnframt opinber talsmaður VR. Formaður kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart starfsmönnum félagsins. Formaður á seturétt í öllum ráðum og undirnefndum stjórnar. Formaður boðar til stjórnarfunda, stýrir þeim og tryggir að öll gögn sem að fundinum lúta séu stjórnarmönnum tiltæk. Formaður stýrir samninganefnd félagsins við gerð kjarasamninga.

Heimildir formanns og framkvæmdastjóra til að skuldbinda félagið í daglegum rekstri skulu taka mið af:

- Fjárhagsáætlunum samþykktum af stjórn.
- Frávik frá áætlunum raski ekki samþykktum fjárhagslegum markmiðum.
- Frávik frá fjárhagsáætlunum feli ekki í sér meiriháttar stefnubreytingu er varðar einstaka liði eða fjárhagsáætlanir í heild.
- Framkvæmdastjóri skal fyrir lok nóvember ár hvert, í samvinnu viðformann félagsins, vinna tillögur að fjárhagsáætlun næsta fjárhagsárs.

Varaformaður

Í fjarveru formanns stýrir varaformaður fundum. Varaformaður tekur að sér öll störf formanns í leyfum hans, telji stjórn þess þörf. Auk þess er það hlutverk varaformanns að aðstoða formann við undirbúning stjórnarfunda. Láti formaður af störfum innan þess tímabils sem hann hefur verið kjörinn til formennsku skal varaformaður taka við og gegna embætti formanns, með þeim réttindum og skyldum er starfinu fylgja, út kjörtímabilið.

Ritari

Ritari gætir þess að fundargerðir félagsins séu ritaðar samkvæmt lögum og þeim reglum er um þær gilda. Að fundargerðir og önnur fundargögn séu varin tjóni og varðveitt í samræmi við trúnaðarstig þeirra. Afhenda ber ritara eintak af öllum gögnum sem að fundinum snúa. Ritari skal gæta þess að fundargerð fylgi öll þau gögn sem að boðun fundarins lútu, auk þeirra sem framlögð kunna vera á fundinum sjálfum. Ritari aðstoðar auk þess formann og varaformann við undirbúning stjórnarfunda sé þess þörf. Ritari er staðgengill varaformanns.

Stjórnarmenn

Stjórnarmönnum ber skylda til að kynna sér vel og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar.

Varamenn

Varamenn sitja fundi stjórnar er forföll verða. Varamönnum ber skylda til að kynna sér og taka upplýsta ákvörðun um öll þau mál er fjallað er um á fundum stjórnar. Varamaður tekur sæti aðlmanns í stjórn ef til afsagnar þess síðarnefnda kemur.

Til að geta innt skyldur sínar samviskusamlega af hendi skulu varamenn hafa sama aðgang að og fá send öll viðhlítandi gögn sem um aðalmann væri að ræða, enda bera þeir sömu réttindi og skyldur sem aðrir stjórnarmenn.

Í upphafi starfstíma síns skulu stjórnarmenn allir undirrita eið um trúnað við félagið og þagnarskyldu. Frumrit þessara gagna skulu vistuð í húsakynnum félagsins á öruggan hátt. Þagnarskylda helst þó látið sé af stjórnarstarfi.

Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurrétt. Framkvæmdastjóri aðstoðar formann við undirbúning stjórnarfunda. Hann gengur frá dagskrá í samráð formann, undirbýr fundargögn og sér til þess að þau berist stjórnarmönnum.

Endurskoðun starfsreglna

Starfsreglur þessar skulu yfirfarnar og samþykktar af stjórn VR, að varamönnum meðtöldum, sem fyrst eftir aðalfund félagsins en þó eigi síðar en 1. júlí ár hvert.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 23:20